

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 135/2022

2022/EES/61/47

frá 29. apríl 2022

um breytingu á IV. viðauka við EES-samninginn (Orka)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga ⁽¹⁾.
- 2) Tímabundin og skilyrt undanþága frá beitingu tilskipunar 2010/31/ESB um orkunýtingu bygginga, vegna sérstöðu Íslands að því er varðar nýlegar og einsleitar byggingar landsins, hefur verið samþykkt. Þessi undanþága skal gilda um tilskipun 2010/31/ESB sem er í gildi fyrir breytingarnar á tilskipun (ESB) 2018/844 Evrópuþingsins og ráðsins frá 30. maí 2018. Undanþágan skal takmarkast við ákveðinn frest og skal einungis gilda þangað til samkomulag næst varðandi að fella tilskipun 2010/31/ESB, breytt með tilskipun (ESB) 2018/844, inn í EES-samninginn.
- 3) Þar sem svo fáar byggingar eru í Liechtenstein og sökum loftslags- og formgerðarflokkunar bygginga þar, er Liechtenstein undanþegið skyldunni að framkvæma eigin útreikning á kostnaðarhagkvæmstu stigum lágmarkskrafna um orkunýtingu bygginga samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar um orkunýtingu bygginga.
- 4) Í samræmi við skilyrði aðlögunartexta c), geta Noregur og Liechtenstein mælt fyrir um reglugerðir um lágmarkskröfur um orkunýtingu með því að nota önnur kerfismörk en frumorkunotkun, en notkun þess er krafist samkvæmt tilskipuninni um orkunýtingu bygginga, að því gefnu að skilyrðunum sem kveðið er á um í aðlögunartexta c) sé fullnægt.
- 5) Aðlögunartexti d) tryggir að notendastýrð kerfi til að votta orkunýtingu bygginga í Noregi skili sambærilegum árangri við vottorð gefin út af óháðum sérfræðingum, eins og kveðið er á um í 17. gr. tilskipunarinnar um orkunýtingu bygginga.
- 6) IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 17. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/91/EB) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„**32010 L 0031**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga (Stjútíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13).“

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Tilskipun þessi gildir ekki um Ísland.
- b) Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 5. gr.:

„Liechtenstein getur notað útreikninga annars samningsaðila með sambærilegum mæliþáttum til að ákvarða kostnaðarhagkvæmstu stig lágmarkskrafna um orkunýtingu.“

- c) Með tilliti til ákvæða a-liðar 3. mgr. 9. gr. og I. viðauka tilskipunarinnar um orkunýtingu bygginga, er Liechtenstein og Noregi heimilt að byggja kröfur sínar um orkunotkun á nettóorku ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13.

- i) Lágmarkskröfur um orkunýtingu eru settar í samræmi við kröfur 5. gr. tilskipunarinnar um orkunýtingu bygginga, samkvæmt meginreglum um ramma fyrir samanburðaraðferð sem hefur verið komið á fót fyrir útreikning á kostnaðarhagkvæmstu stigum lágmarkskrafna um orkunýtingu. ⁽²⁾
 - ii) Birtur er vísir fyrir tölulega framsetningu á frumorkunotkun sem samsvarar kröfum um orkunýtingu sem settar eru fram í byggingareglugerðinni.
 - iii) Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að endurskoða þessa sértæku aðlögunartexta í samræmi við samninga um tilskipunina um orkunýtingu bygginga, breytt með tilskipun (ESB) 2018/844, í framtíðinni.
- d) Eftirfarandi er bætt við 17. gr.:

„EFTA-ríkin geta komið á einfölduðu notendastýrðu kerfi til að votta orkunýtingu bygginga sem hægt er að nota í stað sérfræðinga ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- i) Ítarleg þekking og vönduð gögn eru til staðar um allt íbúðarhúsnæði, m.a. um allar formgerðarflokkar bygginga og aldursflokka þeirra, um einkenni veðurhlífarrinnar og tæknileg kerfi bygginga sem hver formgerðarflokkun bygginga notar, sem gera útreikninga á orkunýtingu stakra bygginga og byggingaeininga mögulega og tryggja mikla vissu með útreikningana á grundvelli ílagsgagna notenda,
- ii) Ítarlegar upplýsingar eru til staðar um kostnaðarhagkvæmstu eða kostnaðarhagkvæmar úrbætur fyrir hverja formgerðarflokkun bygginga,
- iii) Ráðstafanir hafa verið gerðar til að styðja notendur til að nota kerfið í þeim tilgangi að kerfið gefi út vottorð fyrir byggingar. Þessar ráðstafanir geta falið í sér hjálparsíma eða ráðgjafabjónustu sem geta komið á sambandi milli notenda annars vegar og óháðra sérfræðinga og sérfræðinga í kerfinu hins vegar,
- iv) Til að tryggja lágmarksáhættu á hagræðingu niðurstaðna, skal notendastýrða vottunarkerfið fela í sér gæðastjórnun og sannprófunarkerfi til að athuga ílagsgögn notenda og athuga hvort ílagsgögn notenda séu gagnsæ,
- v) Óháð eftirlitskerfi eru til staðar til að tryggja að notendastýrða kerfið til að votta orkunýtingu bygginga skili sambærilegum árangri við vottorð gefin út af sérfræðingum, að því er varðar gæði og áreiðanleika,
- vi) Notendastýrða kerfið gefur út tilmæli sem geta ráðlagt notendum um kostnaðarhagkvæmstu eða kostnaðarhagkvæmar úrbætur fyrir viðkomandi byggingu og byggingareiningu.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/31/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 244/2012 frá 16. janúar 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB um orkunýtingu bygginga með því að ákvarða ramma fyrir samanburðaraðferð við útreikning á kostnaðarhagkvæmstu stigum lágmarkskrafna um orkunýtingu bygginga og byggingarþátta.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.